



896. fundur stjórnar GSÍ, 12. febrúar 2018 kl.18:00 haldinn í fundarsal E hjá ÍSÍ.

Mættir voru: Haukur Örn Birgisson, Kristín Guðmundsdóttir, Eggert Á. Sverrisson, Jón B. Stefánsson, Þorgerður K. Gunnarsdóttir, Gunnar K. Gunnarsson, Bergsteinn Hjörleifsson, Hulda Bjarnadóttir, Hansína Þorkelsdóttir, Hörður Geirsson og Brynjar Eldon Geirsson sem ritaði fundinn.

#### 1. Fundargerð síðasta fundar (895)

Samþykkt og undirrituð

#### 2. Sjóðstreymisyfirlit

Gjaldkeri GSÍ, Kristín Guðmundsdóttir, og framkvæmdastjóri fóru yfir sjóðstreymisyfirlit byggt á tölum 31.12.2017 ásamt því að fara yfir sundurliðun á gjöldum hvernar starfsnefndar fyrir sig sem af er fjárhagsári. Stjórn lýsti yfir ánægju sinni með að fá slík yfirlit á hverjum stjórnarfundi.

#### 3. Afreksjóður ÍSÍ og Afreksstarf GSÍ

Haukur Örn Birgisson fór yfir stöðu umsóknar GSÍ til afrekssjóðs ÍSÍ ásamt Brynjari sem skýrði frá innihaldi funda með stjórn sjóðsins til þessa. Brynjar fór yfir þau verkefni sem afrekssvið GSÍ hefur staðið fyrir sem af er ári, árangur og áform afreksnefndar og landsliðsþjálfara á næstu mánuðum.

#### 4. Upplýsingar um stöðu IT mála

Bergsteinn Hjörleifsson kynnti stefnu IT nefndar varðandi framtíðarsýn Golf.is og hvernig verkáætlunum miðar. Rætt var um útfærslur á vefgáttum tengdri aukinni þjónustu við þá golfklúbba sem óska eftir slíkum tengingum við Golf.is.

#### 5. Útbreiðslumál

Hansína Þorkelsdóttir og Hulda Bjarnadóttir fóru yfir verkefni útbreiðslunefndar á árinu og áherslur sem miða fyrst og síðast að auka áhuga kvenna á íþróttinni. Staða verkefnis tengt Aniku Sorenstam og aðkoma GSÍ að verkefninu var rædd. Útbreiðslunefnd óskar samtals við útgáfunefnd GSÍ og IT nefnd í framhaldinu varðandi sameiginlega aðkomu að ákveðnum hlutum starfsins.



## 6. Staða mótahalds

Hörður Geirsson, formaður mótanefndar, kynnti lokaútgáfu að mótaskrá GSÍ vegna ársins 2018 og fór yfir þær athugasemdir sem bárust eftir síðasta Golfþing en úrvinnsla athugasemdanna hefur valdið því að tölur hefur orðið á vinnu mótanefndar.

## 7. Önnur mál:

### - Vinnufundur stjórnar

Vinnufundur stjórnar mun verða dagana 9.-10 mars næstkomandi á Flúðum en Haukur Örn bað formenn nefnda um að undirbúa þau mál sem stjórn mun ræða á fundinum. Þá verður farið yfir skipulag komandi mánuða á vinnufundinum.

### - Samstarfsaðilar

Haukur Örn fór yfir stöðu samstarfsaðila GSÍ og tilkynnti um fyrirhugaðan fund með Eimskip varðandi áframhaldandi samstarf.

- Haukur Örn gerði grein fyrir aðalfundi PGA á Íslandi, sem fram fór á dögnum.

Ekki voru fleiri mál tekin fyrir og var fundi slitið kl. 20:05